

**Nd.**

## **551. Frumvarp til laga**

um héraðshæli.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Skúli Guðmundsson.

### 1. gr.

Heimilt er læknishéruðum, einum sér eða í félagi við nágrannahéruð eða héraðshluta, að stofna héraðshæli.

Verkefni héraðshælis skulu vera þessi:

- a. að veita viðtöku sjúklingum til lækni meðferðar og hjúkrunar, og fer sá þáttur starfs þeirra eftir þeim lögum og fyrirmælum, sem í hvert sinn gilda um almenn sjúkrahús.
- b. að taka á móti fæðandi konum til meðferðar og stundunar, meðan á sængurlegu þeirra stendur.
- c. að vera vistheimili fyrir gamalmenni.
- d. að leggja til húsakost og starfslið fyrir heilsugæzlustöð, þar sem slík stöð er eða verður ákveðin.

### 2. gr.

Héraðshælum skal skipta í deildir, þar sem því verður við komið og eftir því, sem henta þykir, svo að hver þáttur starfs þeirra trufli sem minnst hinar aðrar starfsgreinar, en stjórn og starfslið skal vera sameiginlegt.

### 3. gr.

Ríkissjóður greiðir  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar héraðshæla, og er þar í innifalinn bústaður læknis, þar sem hans er vant. Staður þeirra og starfssvæði sé samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

1. Á síðustu áratugum og einkum þó á síðustu árum hefur sú breyting á orðið í sveitum, að langflestar húsmæður eru orðnar einyrkjar við þau heimilisstörf, sem eru á verksviði kvenna. Það er því orðinn ógerningur fyrir þær að annast

sjúklinga eða örvasa fólk í heimahúsum, enda hafa ýmsar þeirra örmagnast undir því erfiði í viðbót við önnur störf. Þörfin fyrir skjótan og greiðan aðgang að sjúkrahúsi er því orðin mjög brýn, og bæta fjórðungsspítalar mjög lítið úr henni nema í þeim héruðum, sem að þeim liggja. Það er t. d. oft miklu hægara að koma sjúklingum úr Húnavatnssýslum og jafnvel Skagafirði til Reykjavíkur en til Akureyrar. Kjósa og fleiri að fara til höfuðstaðarins, því að þar er meiri vöð sérfræðinga og fleiri eiga þar skyldfólk, sem hægt er að leita til með húsa-skjól. Í ýmsum héruðum eru að vísu til sjúkraskýli, flest orðin gömul og upp-runalega byggð af vanefnum, enda er nær alveg ómögulegt að fá til þeirra starfsfólk við þau skilyrði, sem þar er upp á að bjóða.

2. Ljósmeðrum hefur fækkað svo, að víða gegnir nú ein ljósmóðir 4—5 ljósmæðrum-umdæmum og hálfu til heila þingmannaleið þarf að fara til þess að sækja ljósmóður. Er þá lítil trygging fyrir því, að konur geti fengið hæfa ljósmóður til að sitja yfir sér og enn minni fyrir því, að hún geti stundað þær eftir barnsburðinn, jafnvel þótt hún hafi einkabifreið til umráða. Það er reynsla lækna kringum Skagafjörð og Húnaflóa, að sveitakonur sækjast mjög eftir því að komast í sjúkrahús til þess að fæða börn sín, en þar er oftast svo þröngt fyrir, að mörgum verður að hola niður í misjöfnum húsakynnum, þar sem ljósmæður sitja. Njóta þær því ekki þess næðis eða þeirrar aðbúðar, sem þær þyrftu. Litlar horfur eru á því, að nokkuð rætist úr ljósmæðraeklunni, og eru þá fæðingarheimili í námunda við ljósmóður og lækni orðin að knýjandi nauðsyn.
3. Hreppsnefndir um allt land standa nú næstum því ráðþrota gagnvart þeim vanda að koma gamalmönnum fyrir til umönnunar, einkum þeim, sem örvasa eru. Veldur því fyrst og fremst skortur vinnuafis og hjúkrunarkrafta á heimilunum, en einnig húsnæðisekla í flestum kaптúnum. Það er vaknaður mjög mikill áhugi fyrir því að bæta úr þessum vanda með stofnun elliheimila, sem alls ekki er hægt að komast af án lengur.
4. Einhver mestu vandræði, sem einstök heimili og hreppsnefndir komast í, er að ráðstafa brjáluðu fólki, þangað til hægt er að koma því fyrir á geðveikrahæli. Núverandi sjúkraskýli hafa engan útbúnað til að taka á móti slíkum sjúklingum, og er því brýn þörf á, að hægt sé að ná til sjúkrahúss, sem hefur einangrunarklefa fyrir slíkt fólk.
5. Það yrði allt of dýrt að setja upp og starfrækja sérstök sjúkraskýli, fæðingarheimili og gamalmennahæli í öllum héruðum. Beinasta leiðin er því að koma á fót í stærstu héruðunum — eða með samstarfi fleiri læknishéraða en eins — sérstökum héraðssjúkrahælum, sem geta leyst öll þessi verkefni af hendi sameiginlega. Stofnanir þessar verða að vera það stórar, að tvær hjúkrunarkonur — eða a. m. k. ein hjúkrunarkona og ein vökukona — hafi þar nóg verkefni, því að hjúkrunarkonur fást ekki til að hafa 24 klst. vinnudag, sem og ekki er von. Að sjálfsögðu yrði þar og heilsugæzlustöð umhverfisins, ef hún er til á annað borð.  
Héruðunum er með öllu ofvaxið að koma slíkum stofnunum upp af eigin rammleik, og virðist ekki ósanngjarnt, að ríkið styrki stofnun þeirra engu síður en heimavistarskóla. Það er áreiðanlegt, að þær geta forðað frá hruni ýmsum heimilum, með því að spara starfsorku húsmæðranna og auka heilsuöryggi fólksins.
6. Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið að tilhlutun læknafélags Norðvesturlands og í samráði við sýslumennina í Skagafjarðar-, Húnavatns- og Strandasýslum.